

Fundinn sitja: Sveinbjörg Davíðsdóttir, Margrét Lára Höskuldsdóttir, Ingibjörg Karen Þorsteinsdóttir, Eva Dögg Diego Þorkeldsdóttir og Hrafnhildur Eva Guðmundsdóttir.

Umræðuefni: Ný starfsáætlun, staðan í skólanum og ráðningarferli, námsferð starfsmanna, skóladagatalið, ný menntastefna, leikskólalóðin, tónlistarnámskeið og almennt starf innan leikskólans.

Nýja starfsáætlunin kemur vel út. Meðlimir foreldraráðs skoðuðu hana á fundinum og leist vel á. Könnun var send til foreldra sem voru með börn sín í aðlögun, eftir að henni lauk. Það mæltist vel fyrir. Könnunin kom vel út, nokkrum þótti aðlögunin heldur löng en flestir mjög ánægðir með hana.

Ráðningarferli hefur gengið upp og ofan. Flottur hópur sem er núna en mjög erfitt að fá starfsfólk. Menntaðir leikskólakennarar sækja í grunnskólana.

Starfsmenn Hlaðhamra fara í námsferð í lok október. Ferðinni hefur verið frestað tvisvar áður vegna Covid svo að mikill spenningur er kominn í hópinn yfir fyrirhugaðri ferð. Farið verður í skólaheimsókn, á ýmis námskeið og vinnustofur hjá skóla sem starfar í anda Reggio Emilia stefnunnar. Við ræddum aðeins skóladagatalið en af þeim starfsdögum sem eftir eru á skólaárinu verða allir nema einn tekinn í námsferðina.

Ný menntastefna Mosfellsbæjar „Heimurinn er okkar“ var rædd. Sveinbjörg var í hópnum sem vann hana. Stefnan gildir frá 2022-2030 og var samþykkt 28. mars sl. af fræðslunefnd Mosfellsbæjar. Unnið var úr menntastefnunni á sameiginlegum starfsdegi Mosfellsbæjar. Starfsmenn Hlaðhamra unnu síðan verkefni í hópum út frá menntastefnunni síðari hluta starfsdagsins.

Sveinbjörg sendir foreldraráðinu menntastefnuna þegar búið er að setja hana upp endanlega. Stefnan er auðlesin og þægileg. Í henni er unnið með hugtökin *vöxtur*, *samvinna* og *fjölbreytni*. Auðvelt er að vinna samkvæmt henni og nýta í skólastarfinu. Það er ljóst að það er mikil gróska í menntun í Mosfellsbæ.

Leikskólalóðin verður tekin í gegn næsta vor (2023), það átti að gera það sl. sumar en náðist ekki. Gervigras verður sett á fótboltavöllinn sem er mikið fagnaðarefni.

Tónlistarnámskeið með Þrání Árna Baldvinsyni, tónlistarkennara, rætt. Ákveðið að foreldrafélagið hafi samband við hann og skoði námskeið á næstunni.

Samvinna leikskólans og hjúkrunarheimilisins Hamra rætt. Krakkarnir á Höfða fara reglulega og spila við heimilisfólkið. Mikil ánægja með það hjá báðum hópum. Stefnt að því að halda þessu samstarfi áfram.

Ekki fleira var rætt að þessu sinni en næsti fundur foreldraráðs er fyrirhugaður síðustu vikuna í nóvember.

Fundargerð ritaði Margrét Lára Höskuldsdóttir.